

Nýlistasafnið

THE LIVING ART MUSEUM

Vatnsstíg 3b-101 Reykjavík-Iceland-tel.(91)14350


Reykjavík, 7.07.1993.

118 Forsyht Street, 4th Floor,
N.Y., 10002

Dear Steina and Woody Vasulka

On the behalf of the Living Art Museum we want to thank you very much for your participation in our exhibition "16 days " Video-Performances-Picturesshow. We appreciate your generous gift, the copy of the Videotapes , and the spirit behind it. This is a great attribution to the collection of art in the Living Art Museum, which hereby in fact is the first gallery in Iceland to have a considerable collection of Artvideotapes of various artist both from abroad as well as Icelandic ones. We will seek for that your tapes will be presented in the educational and cultural system, and take care of that there will be no misuse of them in terms of profit. We are very grateful to you Steina for giving us the contact to Gary Hill, Ernest Gusella and Woody and we sincerely hope that this is a grain that will grow in the future. We would be happy to meet you whenever you are passing by in Iceland, and the Museum would be interested to work with you on something whenever means and possibilities occur in the future. But as you know has this place always been driven with lot of optimisme.

Sincerely yours
on the behalf of The Living Art Museum


Ragnheiður Ragnarsdóttir


Niels Hafstein

Nýlistasafnið

THE LIVING ART MUSEUM

Vatnsstíg 3b 101 Reykjavík Iceland tel (91)14 350

The origins of The Living Art Museum (Nýlistasafnið) go back to 1978 when young Icelandic artists as well as some European ones decided to put into action an idea which had been floating in the air of the times for quite a while; an autonomous multi-functional space open to international artistic activities of different kinds. The space is run solely by artists but has quite recently hired one employee due to financial support from the State and the City Council. The space functions in different ways; it is an exhibition space for recent and ripening works from Iceland and abroad as well as an open field for dynamic discussions on various topics - visual Arts, Language, Media, Science, Philosophy, Human Behavior. In these matters the Living Art Museum can well be considered as the center of the periphery, given the geographical and cultural location of Iceland between Europe and America. In an atmosphere of growing global communications the role of LAM is to be a place of inter-continental rendez-vous, from the inland and the outland.

The LAM has a considerable collection of works by artists from different continents, starting with an important donation from the Swiss artist Dieter Roth, who lived for several years in Iceland and was a crucial factor in the creative field in Iceland in the seventies . Artists showing in the gallery donate regularly works to the collection . In 1993 a new section was created, focusing on and collecting naive and art-brut . These works are regularly on show, running in parallel with current exhibitions in the gallery.

The LAM has a board of five artists which are elected for two years at a time.

Myndlist

- **Tryggvi Ólafsson**, listmálari í Kaupmannahöfn, sýnir nýjar og gamlar myndir á Mokka.
- **Myndlistarhátíð**, vídeó- og gervingahátíð, á sumar-sýningu Nýlistasafnsins sem ber heitið 16 dagar.
- **Markús Ívarsson**. Sýning á verkum ýmissa íslenskra listamanna, úr safni Markúsar Ívarssonar, í Listasafni Íslands.
- **Páll Sigurðsson** sýnir olíumálverk í Eden í Hveragerði. Síðasta sýningarhelgi.
- **Jóhannes S. Kjarval**; verk í eigu Listasafns Íslands á sumarsýningu Kjarvalsstaða.
- **Sindri Freysson** sýnir ljóð á Kjarvalsstöðum.
- **Tita Heyde** sýnir verk sín í Café Milanó, Faxafeni. Opið alla daga kl. 9–19 nema sunnudaga kl. 13–18.
- **Carlo Scarpa**, listamaður og arkitekt, er höfundur verkanna sem nú eru til sýnis í Ásmundarsal.
- **Bragi Ólafsson** heldur sýningu á ljóðum sínum á Kjarvalsstöðum. Opið daglega kl. 10–18.
- **Mary Ellen Mark**, einn þekktasti fréttaljósmyndari heims, sýnir ljósmyndir á Kjarvalsstöðum. Opið



HALLGRÍMUR THORSTEINSSON sviptir hulunni af margmiðluninni í Nýlistasafninu.

Af gagnvirkri margmiðlun

Glaðbeittir áhængendur nýlistar fá aldeilis innspýtingu í sálarhulstrið þessa dagana, því nú stendur yfir allsherjarveisla þeim til heiðurs í **Nýlistasafninu**, Vatnsstíg 3. Í kvöld er meðal annars boðið upp á vídeólist þar sem **Anna Þorláks** sýnir verkið: *Anna's Americana/Afternoon Story*. **Arna Valsdóttir** er einnig á ferðinni með verk sitt, *LA*, sem og margir aðrir vídeólistamenn sem sýna afurðir sínar þetta kvöld. Þar er einnig mættur að ausa úr brunni visku sinnar fjölmiðlafræðingurinn **Hallgrímur Thorsteinsson** og hyggst hann flytja fyrirlestur um svonefnda gagnvirka margmiðlun, á ensku „*Interactive Multimedia*“.

Krafinn um skýringar á þessu óþjála heiti og hvað það ætti eiginlega að fyrirstillta sagði fjölmiðlafræðingurinn að hér væri um að ræða nýja tækni, einskona samruna tölvu og sjónvarps. „Nú er farið að miðla efni með texta, mynd og hljóði á tölvu. Hér er orðinn til sjálfstæður miðill, sem er gagnvirkur að því leyti að notandinn getur átt samskipti við tækið; hann er virkur en ekki bara mataður. Þetta er millistig milli þess að lesa bók og horfa á sjónvarp, því þú getur flett efninu. Þessi miðill kemur til með að verða almennings-eign því hann býður upp á ótrúlega möguleika. Markaðurinn fyrir gagnvirkt efni varð raunin með tilkomu svonefnds „*CD-ROM*“, sem er geisladiskur sem getur hvort heldur er geymt alfræðiorða-bók eða biblíu, allt eftir því hvað notandinn kys.“

Áhugasamir skrifa þetta á svörtu bókina sína og mæta í Nýlistasafnið til að fræðast um þessa nýju tækni. Hinir halda áfram að láta mata sig.

ýning í tilefni aðar-
tar hans. Verkin
allan feril hans,
tu frá 1913 og það
frá 1975. Opið alla
á 10-16.

Hannes Kjarval. Sum-
ng á verkum Jóhann-
jarvals á Kjarvals-
n, þar sem megin-
la er lögð á teikningar
Hanneskjuna í list hans.
úr í Portínu. Sýningin
n frá 14-18 alla

Þska sýnir málverk sín
on Íslandus.
Grímur Jónsson.
asýning stendur yfir í
imssafni þar sem
ar eru myndir eftir Ás-
Jónsson úr íslenskum
sögum. Opið um helg-
13.30-16.

ýningar

Útið við fortíð nefnist
amíkil sýning í Þjóð-
safninu í tilefni 130
afmælis safnsins. Opið
a daga nema mánudaga
11-17.

Myndir í fjalli í Lista-
fni Sigurjóns Ólafssonar.
drög að gerð listaverks
gurjóns við Búrfellsvirk-
; sýndar ljósmyndir,
yndband, verkfæri og
umdrög að listaverkinu.
pið mánudaga til fimmtu-
aga frá 20-22. laugar-
aga og sunnudaga kl.
4-18. Tónleikar á þriðju-
lagskvöldum kl. 20.30.
Höndlað í höfuðstað er
ýning í Borgarhúsi um
ögu verslunar í Reykjavík.

Gerningahríð

**GUNNAR J.
ÁRNASON**



MYNDBÖND OG GERNINGAR
Í NYLISTASAFNINU

Frá og með síðustu helgi og fram til 11. júlí mun kenna ýmissa grasa á sviði myndbandalistar (videó- eða skjálistar) og gerningalistar í Nýlistasafninu. Alla daga, milli fjögur og níu, verða sýnd myndbönd, um helgar verða gerningar og á fimmtudögum verða fyrirlestrar. Meðal gerningamanna eru eldri hetjur í bransanum, eins og Rúri, Bjarni H. Þórarinnsson, Magnús Pálsson, Halldór Ásgeirsson og bræðurnir Lárusson, en einnig upprennandi gerendur. Fjöldamörg myndbönd verða til sýnis bæði eftir íslenska og erlenda höfunda. Í efsta salnum er dagskrá dagsins varpað á vegg, en í lesstofunni hefur verið komið fyrir sófahorni þar sem hægt er að velja sér myndbönd og skoða í góðu tomi á sjónvarpsskjá.

GAMALT OG NÝTT Á SKJÁNUM

Ekki tókst mér að sjá nema hluta af myndböndunum, en nóg til að sjá að myndbandalist er í stöðugri þróun. Ýmislegt hefur gerst, tækninni fleygir fram og hún verður aðgengilegri, menningin er í siauknum mæli gegnsýrð af myndbandatekni, bæði í fjölmiðlum og til eigin nota, og þeir listamenn sem nýta sér tæknina eru ekki eins upp- teknir af því og áður að stua

síg af frá fjölmiðla- og afþreyingarkúltúrnum.

Myndbönd eru af töluvert ólíku tagi. Mörg bandanna eru beinar heimildir um gerninga og eru allmörg slík á sýningunni. En einnig hafa myndbönd, skjáir og upp- tókuvélar verið notuð sem hluti af gerningi eða innsetningu. Sem dæmi má nefna innsetningu Steinu Vasulku á Listasafninu nyverið og gerning hennar á sama stað, þar sem hún lék á myndbandsvel- ar sínar með fiðlu sem stjórn- tæki. Ásta Ólafsdóttir og Þór Elis Pálsson hafa notað myndbönd til að sviðsetja gerninga, sem hefur gert þeim kleift að klippa saman mynd- efni og laga það að skjánum og hreyfingum tókuvélarinnar. Einn angí af myndbanda- list þróast í beinu framhaldi af tilraunum í kvikmyndagerð, þar sem gerðar eru tilraunir með formið sjálf. Enn má taka innsetningu Steinu sem dæmi um verk sem með- höndlar þá tilfinningu fyrir framvindu og rými sem myndbandið skapar. Til sam- anburðar má nefna athyglis- verð og vel útfærð verk eftir Finnþoga Pétursson, „Óður“ (1992), þar sem stutt mynd- skeið eru siendurtekin til að skapa nokkurs konar tónverk, og „Nature Morte“ (1992) eftir Þorvarð Arnason, svart/hvít mynd þar sem hlut- læg skerskotun leysist nánast upp á skerminum í munstur

og hreyfingu.

Vasulka-hjónin, Steina og Woody, eru meðal brautrvöj- enda í meðhöndlu tækninnar sjálfar og hafa notfært sér hana til að aðgreina videolist- ina frá kvikmyndalist. Þau hafa ekki látið sér nægja að nota hina endanlegu mynd á skjánum sem efnivið, heldur hafa þau sundurgreint raf- eindaboðin í frumparta sína og byggt á þeim grunni, jafn- vel sersmiðað tæki og rafeind- arásir í þeim tilgangi. Steina hefur sérstakt dálæti á tækni- legum tilraunum og ágætt dæmi er „Voice Windows“ (1986) þar sem Steina lætur spunasöng umbreyta og opna myndina á skjánum.

Þeir myndlistarmenn sem fyrst tóku videoið í sína þjón- ustu voru hallir undir svokall- aða konseptlist, enda virtist það tilvalin leið til að einbeita sér að hugmyndinni og út- færslu hennar og losna við þá kvöð að búa til varanlega hluti. Það er einmitt þessi hópur listamanna sem reð ferðinni mikíð til og mótaði þá mynd og það óorð sem myndbandalist fékk á sig. Hún mátti ekki eiga nokkuð sammerkt með kvikmynda- og sjónvarpsgerð. Skemmtun og spenna voru tabú og lík- lega trúðu sumir því að hið nýja listform gæti losað firtra áhorfendur undan hlekkium „vitundaríðnaðarins“, annað- hvort með sjökkmeðferð eða langvinnri terapiu. Mynd- bönd frá konseptskeldunum revndu verulega á þanþól- innmæðistauganna, en sem betur fer ber ekki eins mikíð og áður á myndböndum sem eru álíka spennandi og að horfa á blauta málningu þarna.

Í staðinn fyrir að snúa al- farið baki við hefðbundnum formum afþreyingar og kvik- mynda hafa videolistamenn í auknum mæli reynt að læra af og leita andsvara við sjón- varpsmenningu og mynd- bandavarningu. Anna Þorláks er efnilegur höfundur sem vinnur á gráu svæði á jafri tónlistarmyndbanda. Þor- valdur Þorsteinsson skopstæl- ir stofudrama íslenskra sjón- varpsleikrita í myndinni „Og þá reis fiðlið upp“, sem sýnd var í sjónvarpinu í fyrra. „Virtual Justice“, eftir Muriel Magenta, er athyglisvert leikið myndband þar sem áhrif sjónvarps og skemmtiefnis á réttarvitund okkar eru tekin fyrir.

Meistaraverkið á mynd- bandahatiðinni er „Art of Memory“ (1987) eftir Woody Vasulka, serdeilis storienglegt myndband, sem heldur manni hugföngnum. Myndin er hugleiðing um fortíð, sögu og minni, þar sem fljúgandi furðuhlutir úr fortíðinni, samsettir úr gömlum fréttakvikmyndum, svifa vfir tíma- lausu landslagi. Woody hafði áður leitað inn á ný mið með videó- operu sinni „The Commission“, sem segir frá fiðlusnillingnum Paganini og franska tónskáldinu Hector Berlioz, einkum því atviki þegar Paganini falaðist eftir tónverki hjá Berlioz. Sá sem leikur Paganini í þessu mynd- bandi heitir Ernest Gusella, en hann á skemmtilegt og hugmyndaríkt myndband (60 mínútna langt), „Operation Wandering Soul“ (1992), sem fjallar á íroniskan hátt um líf og list ljóðskáldsins Ezra Po- und og japanskt Noh-leikhús. Myndinni er skipt upp í stutta



Halldór Ásgeirsson í gerningum „Reykdraugur“

kafla þar sem Gusella beitir ólíkum myndformum og þegar á liður snýst hún upp í dans- og söngvamynd.

GERNINGARÁ DAGSKRÁ

Lítil nýliðun hefur orðið í gerningahópnum undanfarin ár og sömu nöfn hafa haldið á loft merki gerninga hér á landi; Magnús Pálsson, Bjarni H. Þórarinnsson, Hannes Lárusson og Halldór Ásgeirsson. Að öðrum olöstuðum hefur Magnús Pálsson verið stór- tækastur og frjóastur á þessu sviði. Á sunnudagskvöldið flutti leiksmiðjan Kaparsis nokkur hljóðverk, eða hljóð- skulptura, eftir Magnús sem gefa agæta hugmynd um til- raunir hans til að bræða sam-

an leikhúsið og hugsuna myndlistarmanns. En þá lítið hægt að fjalla um ingana á hátíðinni að stöddu, því flestir verð- um næstu og þarnæstu. Þá gefst yngri listama- ni tækifæri til að hrista á upp í listforminu og þá kominn tími til.

Að lokum má minna athyglisverða fyrirlest samspil tölvu- og myndbandatekni. 1. júlí mu- grímur Thorsteinsson t gagnvirkra margmiðlu júlí heldur Hannes Hö rirlestur um sýnd (virtual reality, cybersp